

## **REGLUR um Jarðvísindastofnun Háskólans**

Tillaga að nýjum reglum samþykktar samhljóma á starfsmannafundi Jarðvísindastofnunar þ. 4. 5. 2012.

1. gr.

### *Almennt*

Jarðvísindastofnun Háskólans (JH) er önnur tveggja stofnana sem saman mynda Raunvísindastofnun Háskólans (RH).

Reglur um Raunvísindastofnun gilda um stofnunina, en að auki eftirfarandi starfsreglur.

2. gr.

### *Markmið*

Markmið stofnunarinnar er að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegum jarðvísindum og leiðandi í rannsóknum á jarðfræði Íslands og aðliggjandi svæða.

3. gr.

### *Hlutverk*

Hlutverk Jarðvísindastofnunar Háskólans er að:

- a) Afla nýrrar þekkingar með grunnrannsóknum og nytjarannsóknum í jarðvísindum.
- b) Reka norrænt rannsóknasetur í eldfjallafræðum sem menntar og þjálfar unga norræna jarðvísindamenn.
- c) Starfa með innlendum og erlendum háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum aðilum með gagnkvæma miðlun á þekkingu í huga og til þekkingaröflunar fyrir íslenskt samfélag.
- d) Byggja upp og standa að aðstöðu fyrir viðamiklar tilraunir og mælingar í jarðvísindum.
- e) Annast þjónusturannsóknir á verksviðum, sem krefjast grunnrannsókna og ekki eru í samkeppni við aðrar stofnanir eða fyrirtæki í landinu eftir því sem við á og veita ráðgjöf um náttúruvá, nýtingu auðlinda og umhverfismál.
- f) Miðla þekkingu með því að birta og kynna niðurstöður rannsókna á sviði jarðvísinda.
- g) Veita nemendum í framhaldsnámi við jarðvísindadeild aðstöðu og aðgang að búnaði samkvæmt þjónustusamningi við deildina.
- h) Efla kennslu með því að byggja upp frjótt rannsóknsumhverfi fyrir nemendur og þjálfar þá í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum í jarðvísindum.

4. gr. *Skipulag og rekstur*

Yfir Jarðvísindastofnun Háskólans er stjórn (5. og 6. gr.), sem skipuð er sex mönnum. Stjórn stofnunarinnar skilgreinir heildarstefnu og sér um framkvæmd og rekstur samkvæmt innra skipulagi. Meginþáttum í rannsóknum við stofnunina er á hverjum tíma skipað í tiltekin rannsóknabæmi (8. gr.) og faghópa (9. gr.). Stjórn stofnunarinnar er heimilt að skipa ráðgjafarnefnd (10. gr.). Skrifstofuþjónusta stofnunarinnar er hluti af sameiginlegri þjónustu Raunvísindastofnunar undir stjórn framkvæmdastjóra hennar auk þess sem stofnunin rekur stoðþjónustu fyrir rannsóknir. Skrifstofustjóri JH hefur umsjón með daglegum rekstri stoð- og skrifstofuþjónustu Jarðvísindastofnunar í umboði stjórnarformanns JH.

5. gr.

*Stjórn*

Stjórn Jarðvísindastofnunar (JH) er skipuð þeim sex mönnum öðrum en stúdentum sem sitja í deildarráði. Stjórnarformaður og tveir meðstjórnendur eru kjörnir til tveggja ára eftir reglum JH en aðrir stjórnarmenn eftir reglum Jarðvísindadeildar. Formaður stjórnar er kosinn sérstaklega eftir reglum JH en stjórn velur varaformann úr röðum annarra stjórnarmanna. Í stjórn skulu sitja bæði konur og karlar. Við kjör stjórnarmanna skal tekið mið af 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum og sameiginlegum rekstri stofnunarinnar. Stjórnin afgreiðir rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir stofnunina í samráði við fjárhagsnefnd (sjá 11. gr.) og hefur yfirsýn yfir starfsemi stofnunarinnar í heild. Hún skiptir fjárveitingu og öðrum framlögum til sameiginlegs reksturs stofnunarinnar milli viðfanga. Formaður starfar í umboði stjórnar og framkvæmir ákvarðanir stjórnarfunda og stofnunarfunda. Hann stýrir gerð rekstrar- og fjárhagsáætlunar í samráði við, skrifstofustjóra, verkefnastjóra, formenn rannsóknarþema og oddvita faghópa. Formaður ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar gagnvart stjórn og er tengiliður hennar við starfsmenn. Hann kemur fram fyrir hönd stjórnarinnar og er málsvari hennar. Formaður stjórnar er fulltrúi JH í stjórn RH. Varaformaður er staðgengill formanns. Stjórn er heimilt að fela formanni stjórnar, eða staðgengli í fjarveru formanns, ákvörðunarvald í málum stjórnar á milli stjórnarfunda.

6. gr.

*Fundir stjórnar*

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundum með dagskrá, bréfluga eða í tölvupósti, eða á annan hátt sem stjórn samþykkir með minnst þriggja daga fyrirvara. Skyld er að boða stjórnarfundum óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef formaður stjórnar Raunvísindastofnunar ber fram slíka ósk og hefur hann málfrelsi og tillögurétt á fundinum. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundur er ályktunarbær ef minnst fjórir stjórnarmenn eða varamenn þeirra taka þátt í fundinum. Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar hefur seturétt, málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum JH. Færa skal fundargerð. Skrifstofustjóri JH er ritari stjórnar. Afrit fundargerðar skulu send formanni stjórnar Raunvísindastofnunar. Fundargerðir skulu aðgengilegar öllum starfsmönnum stofnunarinnar. Stjórnin getur tekið ákvarðanir í tölvupósti milli funda.

7. gr.

*Verkefnisstjóri Norræna eldfjallasetursins*

Stjórn JH er heimilt að skipa sérstakan verkefnisstjóra Norræna eldfjallasetursins (Nordvulk), sem starfar í umboði stjórnarformanns JH. Verkefnisstjórnin hefur umsjón með málefnum styrkþega Nordvulk, þ.m.t. fjármálum verkefna þeirra, auk þess að vera tengiliður við verkefnanefnd eldfjallasetursins og Norrænu ráðherranefndina.

8. gr.

*Rannsóknabemu*

Stjórn stofnunarinnar skilgreinir þau rannsóknabemu sem stofnunin leggur áherslu á. Undir þau flokkast öll rannsóknaverkefni sem stunduð eru. Eitt þessara rannsóknabema skal vera í eldfjallafræði sbr. samning Háskóla Íslands og Norrænu ráðherranefndarinnar um Norræna eldfjallasetrið. Starfsmenn skipa sér á rannsóknabemu eftir verkefnum og áhuga. Þeir geta tilheyrt fleiri en einu

rannsóknabema. Hvert rannsóknabema kýs sér formann. Hlutverk hans er að leiða umræðu um málefni og stefnu þess.

9. gr.

#### *Faghópar*

Faghópar eru vettvangur starfsmanna sem nýta skylda fagþekkingu, aðstöðu eða mælitækni við rannsóknir. Hver faghópur kýs sér oddvita sem er talsmaður hans við formann stjórnar og stjórn og þeim til ráðgjafar um stefnu og aðstöðu.

10. gr.

#### *Ráðgjafarnefnd*

Stjórn er heimilt, í samráði við verkefnanefnd Norræna eldfjallasetursins að skipa ráðgjafarnefnd sem veitir stjórn stofnunarinnar ráðgjöf um stefnu í uppbyggingu og rekstri rannsókna. Í ráðgjafarnefnd situr formaður verkefnanefndarinnar um Norræna eldfjallasetrið og tveir alþjóðlega virtir jarðvísindamenn skipaðir af forseta fræðasviðs í verkfræði- og náttúruvísindum eftir tilnefningu stjórnar JH. Rannsóknarþemu gera tillögur til stjórnar um menn í ráðgjafarnefnd. Þeir eiga ekki að vera úr starfsliði stofnunarinnar. Nefndin fundar árlega með stjórn stofnunarinnar.

11. gr.

#### *Fjárhagsnefnd*

Hlutverk fjárhagsnefndar er að tryggja samráð við þá aðila sem veita fé til reksturs stofnunarinnar og fylgjast með ráðstöfun þess samkvæmt rekstrar- og fjárhagsáætlunum. Formaður fjárhagsnefndar er skipaður af forseta fræðasviðs verkfræði- og náttúruvísinda og er ekki starfsmaður Jarðvísindadeildar eða Jarðvísindastofnunar. Aðrir nefndarmenn eru formaður stjórnar JH, tveir fulltrúar verkefnanefndar Norræna eldfjallasetursins og tveir meðstjórnendur úr stjórn JH samkvæmt ákvörðun stjórnar.

12. gr.

#### *Kjör stjórnarformanns og stjórnarmanna JH*

Kjörfund skal halda eigi síðar en í lok mars það ár sem kjörtímabil stjórnarmanna rennur út. Mánuði fyrir kjörfund skipar stjórn JH kjörstjórn þriggja manna til að annast undirbúning og framkvæmd kjörs formanns stjórnar og tveggja meðstjórnenda. Kjörgengir eru starfsmenn skv. a og b lið 9. gr. reglna RH. Menn í kjörstjórn eru ekki kjörgengir. Kjörstjórn birtir lista með nöfnum kjörgengra manna eigi síðar en 10 dögum fyrir kjörfund og sker úr þeim vafaatriðum sem upp koma. Atkvæðisbærir eru allir starfsmenn JH skv. a og b lið 9 gr. reglna RH og þeir starfsmenn skv. c og d lið sem starfað hafa við stofnunina samfellt í fimm ár eða lengur. Eigi síðar en þremur dögum fyrir kjörfund boðar kjörstjórn til fundar allra starfsmanna þar sem fram fer umræða um kjörið og framboða til stjórnarsetu leitað í samræmi við ákvæði 5. gr. Á fundinum skal m.a. fjalla um hvernig fagleg breidd stjórnar og kynjaskipting skuli tryggð. Á kjörfundi stýrir kjörstjórn kjöri. Kjörfundur telst lögmætur ef a.m.k. helmingur atkvæðisbærra starfsmanna tekur þátt í kjörfundi. Fyrst er gengið til atkvæða um formann stjórnar en síðan um tvo meðstjórnendur. Gengið er til atkvæða án umræðu um kjörgenga menn. Kjörstjórn setur reglur um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Formaður stjórnar skal kjörinn með a.m.k. helmingi greiddra atkvæða. Hljóti enginn tilskilinn fjölda atkvæða er kosið aftur milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu í fyrstu umferð. Hljóti báðir jafnmörg atkvæði í annarri umferð ræður hlutkesti hvor þeirra er kjörinn. Þeir tveir sem flest atkvæði hljóta í kjöri um meðstjórnendur teljast rétt kjörnir stjórnarmenn. Fáí þeir

sem lenda í öðru og þriðja sæti jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti hvor þeirra er kjörinn. Varamenn í stjórn teljast þeir sem lenda í þriðja og fjórða sæti í kjörinu.

13. gr.

#### *Starfsmannafundur*

Um starfsmannafund Jarðvísindastofnunar gilda hliðstæð ákvæði og um starfsmannafund Raunvísindastofnunar Háskólans, sbr. 8. gr. í reglum RH. Formaður stjórnar boðar til starfsmannafundar. Fundurinn kýs fundarstjóra. Starfsmannafundir eru vettvangur stjórnarinnar til að kynna störf sín. Starfsmannafundir fjalla um sameiginleg málefni stofnunarinnar og gera tillögur til stjórnar um meðferð sameiginlegra málefna. Stjórn JH skal bera undir starfsmannafund allar meiri háttar breytingar á rannsóknastefnu og stærri breytingar á reglum þessum.

14. gr.

#### *Rannsóknaaðstaða*

Formaður JH tekur ákvörðun um veitingu og umfang aðstöðu fyrir utanaðkomandi aðila í samræmi við 4. gr. reglna RH í samráði við oddvita faghóps eftir því sem við á. Ákvörðun um veitingu og umfang rannsóknaaðstöðu samkvæmt 4. gr. reglna RH tekur mið af því hvernig rannsóknir starfsmanna falla að hlutverki Jarðvísindastofnunar, þörfum fyrir aðstöðu og umsvifum þeirra á stofnuninni. Stjórn skal kanna þessa þætti reglulega. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita starfsmanni, sem látið hefur af störfum fyrir aldurs sakir, rannsóknaaðstöðu telji hún rannsóknavirkni hans nægilega. Viðkomandistarfsmanni ber þó að senda inn skriflega umsókn þar að lútandi eigi síðar en ári áður en hann lætur af störfum. Umsóknina skal svo endurnýja árlega.

15. gr.

#### *Ársskýrsla*

Jarðvísindastofnun gefur út ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir rannsóknum, öðrum verkefnum og árangri. Ársskýrslan skal vera í samræmi við leiðbeiningar Norrænu ráðherranefndarinnar um skýrslugerð samstarfsstofnana. Skýrslan skal berast skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í síðasta lagi 15. febrúar ár hvert. Árlega eru haldnir samráðsfundir milli JH og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

16. gr.

#### *Tilvísun*

Reglur þessar eru settar með vísan í reglur RH og samning Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskóla Íslands um Jarðvísindastofnun Háskólans og Norræna eldfjallasetrið.

17. gr.

#### *Ákvæði til bráðabirgða*

Fyrst skal kosið í stjórn eftir reglum þessum fyrir 15. júní 2012 og skal kjörtímabil þeirra stjórnarmanna vera frá 1. júlí 2012 til 1. júlí 2014. Eigi síðar en 14 dögum fyrir kjörfund skipar stjórn JH kjörstjórn þriggja manna til að annast undirbúning og framkvæmd kjörs formanns stjórnar og tveggja meðstjórnenda.

Allar tilvitnanir í reglur RH miðast við reglur RH frá 22.06.2011.